

Til sveitarstjóra, hreppsnefndar og fjallskilanefndar.

Tilfni þessa bréfs er sumarbeit í landi Múla, fjallskil í landi Múla og einhliða bann hreppsnefndar við beit hrossa í högum. Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi tillögu um bann við lausagöngu hrossa: „Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkir á grundvelli 5.greinar laga nr.46 frá 1991 að lausaganga hrossa í Djúpavogshreppi, sé bönnuð frá og með 1. júní 1999. Þar með er öllum eigendum hrossa skylt að hafa þau í vörslu allt árið innan gripheldra girðinga. Samþykkt þessi gildir einnig um hross sem eru í hagagöngu hjá landeigendum í Djúpavogshreppi“. Þessi lög samþykkti sveitarstjórn Djúpavogs árið 1999 fyrir rétt um 20 árum síðan. Í þá tíð vorum við með hrossabúskap á jörðinni Múla 1. Og nýttum sumarhagana eins og aðrir bændur á svæðinu Þessi samþykkt var ekki borin undir okkur á neinn hátt né var okkur gefið svigrúm til andmæla. Í þá daga vorum við bæði ung og fjárvana svo við treystum okkur ekki í slag við sveitarstjórnina (víða er bann við lausagöngu stórgripa á þjóðvegum) en sveitarstjórn leyfði áfram lausagöngu annara stórgripa (nautgripa) og leyfir en . Einnig var stórlega brotið á okkar hagsmunum með því að láta okkur ekki vita um þessa samþykkt heldu fréttum við þetta á skotspónum. Allir, sem það vilja vita, vita að nær vonlaust er að girða af Múladalinn. Því flosnuðum við upp úr þessu og snérum okkur að öðru. Þar sem búið var að loka fyrir að við gætum nýtt stóran hluta jarðarinnar eins og aðrir bændur gera, og við höfðum eftir það lítinn áhuga á að taka þátt í samfélagi sem kippti undan okkur fótunum með einu pennastriki. En eftir þessa samþykkt hélt sveitarfélagið áfram að krefja okkur um fjallskil á þeim sumarhögum sem við gátum ekki notað lengur og svona hefur það verið síðustu 20 árin. Við teljum að sveitarfélagið hafi brotið á okkur með þessum gjörningum því í lögum um afréttamálefni frá árinu 1986 nr. 6 21.mars V kafli 39.gr. segir: „Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrir mælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. **Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það samkvæmt 8. gr. eða vegna búfjárveikivarna“.**

Ps Hross frá Múla hafa aldrei verið laus á þjóðvegi 1 nema í rekstri

Fyrir hönd

Eigenda Múla 1

Guðmundur Einar Skagalín Traustason